



Bæjarstjórn Garðabæjar 12. (982)/2026

Boðað er til 12. (982). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 3. september 2026 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2608023F - Fundargerð bæjarráðs frá 25/8 '26.
2. 2608036F - Fundargerð bæjarráðs frá 1/9 '26.

2405208 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - Umsókn um byggingarleyfi .

2606044 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Bæjargil 3 - Umsókn um byggingarheimild eða - leyfi.

2607139 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Skeiðakur 2 - Umsókn um byggingarleyfi.

2010078 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.

2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi.

2608272 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hafnarfjarðarvegur dsk frá Lyngási í Engidal.

2606062 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Vinastræti 18-26 - Deiliskipulagsbreyting.
3. 2608021F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 20/8 '26.
4. 2608007F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 18/8 '26.
5. 2608024F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 27/8 '26.
6. 2608020F - Fundargerð velferðarráðs frá 21/8 '26.
7. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 17/8 '26.
8. 2602330 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 14/8 '26.
9. 2602305 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæðanna frá 19/8 '26.
10. 2208694 - Samþykktir Garðabæjar - endurskoðun.



11. 2606257 - Reglugerð Tónlistarskóla Garðabæjar.
12. 2606256 - Stofnskrá fyrir Hönnunarsafn Íslands.
13. 2606460 - Tilnefning áheyrnarfulltrúa í íþrótt- og tómstundaráð.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
11. (981). fundur 2026

Fimmtudaginn 20. ágúst 2026 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Stella Stefánsdóttir bæjarfulltrúi, Birkir Guðlaugsson bæjarfulltrúi, Ýmir Örn Finnbogason varabæjarfulltrúi, Anna Ragnheiður Möller forseti bæjarstjórnar, Kjartan Atli Kjartansson bæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi og Hlynur Elías Bæringsson bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Anna Ragnheiður Möller, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 18. júní 2026 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2606029F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/6 '26.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 4.tl. fyrirspurn Garðabæjarlistans um umferðaröryggi.

Fundargerðin sem er 5.tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2606041F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/6 '26.

Björg Fenger ræddi 3.tl. erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi samkomulag um þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Lagði Björg til að bókun bæjarráðs yrði tekin upp í fundargerð bæjarstjórnar:

"Bæjarráð tekur undir afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga og lýsir yfir þungum áhyggjum af nýrri reglugerð mennta- og barnamálaráðuneytisins sem gengur gegn samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025 um ábyrgð á þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Með reglugerðinni hefur ríkið einhliða þrengt skilgreiningu á hópnum sem skilur þannig eftir ábyrgð og kostnað hjá sveitarfélögum sem á grundvelli samkomulagsins á heima hjá ríkinu.

Bæjarráð telur breytinguna óásættanlega, án fullnægjandi faglegra raka og fela í sér alvarlegan trúnaðarbreist af hálfu ríkisins gagnvart sveitarfélögum. Bæjarráð skorar á ráðuneytið að afturkalla reglugerðina og taka þá ábyrgð og skuldbindingu sem samið var um."

Almar Guðmundsson ræddi 7.tl. innritun nemenda úr Garðaskóla í framhaldsskóla.

Fundargerðin sem er 7.tl. er samþykkt samhljóða.

3. 2606051F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/7 '26.

Fundargerðin sem er 7.tl. er samþykkt samhljóða.

4. 2607018F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/7 '26.

Björg Fenger ræddi 15.tl. fundargerð stjórnar SSH frá 6. júlí 2026.

Almar Guðmundsson ræddi 10.tl. samning um þjónustumiðstöð GKG. Óskaði Almar, f.h. bæjarstjórnar, GKG til hamingju með að Íslandsmótið í golfi verði haldið á Leirdalsvelli GKG sumarið 2027.

Fundargerðin sem er 22.tl. er samþykkt samhljóða.

5. 2607026F - Fundargerð bæjarráðs frá 11/8 '26.

Fundargerðin sem er 14.tl. er samþykkt samhljóða.

6. 2608012F - Fundargerð bæjarráðs frá 18/8 '26.

Fundargerðin sem er 7.tl. er samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla mála.

2607298 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Borgarás 10 - Umsókn um byggingarheimild.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 13. ágúst 2026 varðandi umsókn um byggingarheimild fyrir breytingar á íbúðarhúsinu að Borgarási 10 sem gerir ráð fyrir útitröppum við norðvesturgafli hússins. Skipulagsnefnd mat umsóknina sem óverulega breyting deiliskipulags Hraunsholts vestra (Ásar) sem gerir ráð fyrir stækkuðum byggingarreit sem nemur flatarmáli útitröppu. Þar sem að deiliskipulagsuppdráttur Hraunsholts vestra sýnir útlínur húsa að Borgarási 10 og 12 lýtur nefndin svo á að um ígildi byggingarreits sé að ræða. Útbúa skal breytingaruppdrátt deiliskipulags sem sýnir stækkaðan byggingarreit sem nemur útlínunum hússins til norðvestur auk útitröppu eins og umsóknaruppdráttir sýna. Skipulagsnefnd vísaði umsókninni til grenndarkynningar sem óverulegri deiliskipulagsbreytingu í samræmi við 2.mgr, 43.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga.

2608149 - Gjaldskrá fyrir frístundabíl Garðabæjar.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu að gjaldskrá fyrir frístundabíl fyrir haustönn 2026. Lagt er til að gjaldskráin verði óbreytt út árið og verði kr. 9.900. Breytingin tekur gildi 1. september 2026.

7. 2606037F - Fundargerð íþróttar- og tómstundaráðs frá 24/6 '26.

Almar Guðmundsson tók til máls og óskaði, f.h. bæjarstjórnar, Óliver Elí Björnssyni til hamingju með glæsilegan sigur á opna breska áhugamannamóti pilta í golfi.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 3.tl. samning um viðtalstíma Bergsins í Torginu ungmennahúsi.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2606032F - Fundargerð leikskólanefndar frá 25/6 '26.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl. störf leikskólanefndar 2022-2026 - samantekt.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2608008F - Fundargerð leikskólanefndar frá 12/8 '26.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl. lykiltölur í skólamálum og 2.tl. verklag um eftirlit með sjálfstætt starfandi leikskólum - drög.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2608003F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 13/8 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 2606034F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 24/6 '26.

Margrét Bjarnadóttir ræddi 1.tl. verkefni skólanefndar og 2.tl. störf skólanefndar 2025-2026 - samantekt.

Fundargerðin er lögð fram.

12. 2607017F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 14/7 '26.

Almar Guðmundsson ræddi 1.tl. snyrtilegt umhverfi 2026.

Fundargerðin er lögð fram.

13. 2606024F - Fundargerð velferðarráðs frá 19/6 '26.

Anna Ragnheiður Möller ræddi 1.tl. verkefni Velferðarsviðs og Velferðarráðs Garðabæjar.

Fundargerðin er lögð fram.

14. 2608229 - Tillaga Samfylkingar, Garðabæjarlista og Framsóknar um árlega bæjarhátíð í Garðabæ.

Kjartan Atli Kjartansson kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að undirbúin verði árleg bæjarhátíð í Garðabæ. Leitað verði til íbúa við mótun hátíðarinnar, meðal annars um þema og útfærslu hennar."

Greinargerð:

"Garðabær er ört stækkandi bæjarfélag með þrjá byggðarkjarna; Garðabæ, Urriðaholt og Álfanes. Með vexti samfélagsins er mikilvægt að huga að bæjarbrag og skapa vettvang sem sameinar íbúa og styrkir sameiginlega tilfinningu fyrir samfélaginu. Því er lagt til að haldin verði árleg bæjarhátíð í Garðabæ. Slík hátíð er til þess fallin að styrkja tengsl íbúa með því að skapa sameiginlegan vettvang til skemmtunar, samveru og gleði. Undanfarin misseri hefur afmælisnefnd Garðabæjar skipulagt fjölda viðburða í tilefni af 50 ára afmæli bæjarins. Hápunktur afmælisársins verður 29. ágúst þegar afmælishátíð Garðabæjar verður haldin. Nefndin hefur með þessu unnið mikilvæga grunnvinnu og skapað reynslu og þekkingu sem hægt væri að byggja á við undirbúning árlegrar bæjarhátíðar. Einnig væri vert að líta til Jazzþorpsins í Garðabæ, sem er gott dæmi um vel heppnaðan árlegan viðburð sem hefur skapað sér sterka sérstöðu og laðar íbúa saman í kringum tónlist og menningu. Sú árlega bæjarhátíð sem hér er lagt til að verða sett á laggirnar, væri öðruvísi í sniðum og væri markmiðið að báðir þessir árlegu viðburðir næðu að þrífast og dafna. Lagt er til að leitað verði til íbúa við mótun bæjarhátíðarinnar, meðal annars þegar kemur að þema, innihaldi og útfærslu hennar. Með því verði tryggt að hátíðin endurspegli vilja og

hugmyndir íbúa og verði þannig sameiginlegt verkefni samfélagsins. Þetta er jafnframt í samræmi við þá aðferð sem afmælisnefnd Garðabæjar hefur beitt við skipulagningu afmælishátíðarinnar.

Markmiðið er að skapa árlega hefð sem sameinar íbúa ólíkra byggðarkjarna, styrkir bæjarbraginn og eflir samfélagsanda í Garðabæ.

Kjartan Atli Kjartansson
Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Hlynur Bæringsson."

Björg Fenger tók til máls og lagði til að tillögunni yrði vísað til umfjöllunar í menningar- og safnanefnd.

Kjartan Atli Kjartansson tók til máls að nýju.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls.

Ýmir Örn Finnbogason tók til máls.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls að nýju.

Kjartan Atli Kjartansson tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til umfjöllunar í menningar- og safnanefnd.

15. 2608230 - Tillaga Garðabæjarlista, Samfylkingar og Framsóknar um hækkun hvatapeninga og undirbúning systkinaafsláttar.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að gert verði ráð fyrir hækkun hvatapeninga barna í 80 þúsund krónur í fjárhagsáætlun ársins 2027.
Einnig felur bæjarstjórn fræðslu- og frístundasviði að hefja undirbúning að því að hægt verði að veita systkinaafslátt í gegnum hvatapeningakerfið, m.ö.o. aukinn hvatapening fyrir barnmargar fjölskyldur."

Greinargerð:

"Þátttaka í skipulögðu íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsstarfi hefur, ásamt því að vera mikilvægur vettvangur fyrir félagslegan þroska barna og heilsu, gríðarlegt forvarnargildi. Því er samfélagslega mikilvægt að allar fjölskyldur geti boðið börnum sínum upp á að stunda slíkt starf, óháð efnahag. Fjárhagslegt aðgengi að íþróttum og tómstundum er sérstaklega aðkallandi vegna þrengri fjárhagsstöðu heimila.

Garðabær hefur fjárfest milljörðum í aðstöðu til íþrótta- og æskulýðsstarfs auk tónlistarnáms og ber töluverðan kostnað af rekstri þeirra mannvirkja á ári hverju. Öll börn eiga að geta notið þeirra gæða sem við höfum byggt upp saman.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, bæjarfulltrúi Garðabæjarlistans
Kjartan Atli Kjartansson, bæjarfulltrúi Samfylkingar
Hlynur Bæringsson, bæjarfulltrúi Framsóknar"

Birkir Guðlaugsson tók til máls og lagði til að tillögunni yrði vísað til umfjöllunar og skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar 2027.

Kjartan Atli Kjartansson tók til máls.

Hlynur Bæringsson tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til umfjöllunar og skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar 2027.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 20. ágúst 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Birkir Guðlaugsson, (sign)
Ýmir Örn Finnbogason, (sign)
Anna Ragnheiður Möller, (sign)
Kjartan Atli Kjartansson, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 20. ágúst 2026 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Anna R. Lötter

Björg Þencer

Margrét Bjarnadóttir

Ólafur Ólafur Gíflaug

Helga Helga

Þorbjörg Þorvaldsdóttir

Birkir Guðlaugsson

Y. Ó. Þor.

Rh. Þor.

H. Þor. Ingsson

Rh.

Bæjarráð Garðabæjar
28. (2223). fundur 2026

Þriðjudaginn 25. ágúst 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2606716 - Útholt 6 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Alexander Ágústi Óskarssyni, kt. 200493-2739, leyfi fyrir byggingu einbýlishúss á tveimur hæðum með innbyggðri bílageymslu að Útholti 6.

2. 2502149 - Vorbraut 3 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vorbraut 3 ehf., kt. 471223-1820, leyfi til breytinga áður samþykktra aðaluppdráttar fyrir fjölbýlishús að Vorbraut 3.

3. 2502148 - Vorbraut 7 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vorbraut 7 ehf., kt. 451223-1780, leyfi til breytinga áður samþykktra aðaluppdráttar fyrir fjölbýlishús að Vorbraut 7.

4. 2608257 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi til áfengisveitinga í Hlöðunni Álftanesi þann 22.08.26.

Í umsókninni er farið fram á tímabundið áfengisleyfi fyrir Hlöðuna á Álftanesi vegna brúðkaups 22. ágúst 2026.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi hafi verið veitt, með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

5. 2608258 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi til áfengisveitinga í Hlöðunni Álftanesi þann 28.08.26.

Í umsókninni er farið fram á tímabundið áfengisleyfi fyrir Hlöðuna á Álftanesi vegna afmælis 28. ágúst 2026.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt, með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

6. **2608261 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi til áfengisveitinga í Hlöðunni Álftanesi þann 29.08.26.**

Í umsókninni er farið fram á tímabundið áfengisleyfi fyrir Hlöðuna á Álftanesi vegna brúðkaups 29. ágúst 2026.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt, með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

7. **2608262 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á afmælishátíð Garðabæjar þann 29.08.26.**

Í umsókninni er farið fram á tímabundið áfengisleyfi fyrir Garðatorg, vegna afmælishátíðar Garðabæjar 29. ágúst 2026.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi hafi verið veitt, með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

8. **2606408 - Greiðslur vegna nefndarsetu.**

Farið yfir drög að kostnaðargreiningu vegna nefndarsetu.

Bæjarráð vísar málinu til frekari skoðunar og umfjöllunar í bæjarráði.

9. **2606674 - Innritun nemenda úr Garðabæ í framhaldsskóla.**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir erindi Garðabæjar til Mennta- og barnamálaráðuneytisins og Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu, þar sem lýst er yfir áhyggjum sveitarfélagsins af stöðu þeirra nemenda sem við lok grunnskóla fá ekki skólavist í þeim framhaldsskólum sem þeir velja samkvæmt umsóknarferli og inntökureglum. Lúta áhyggjur meðal annars að því þegar nemendum er úthlutað skólavist langt frá sveitarfélaginu eða utan nærumhverfis þeirra, einkum þegar samgöngur eru tímafrekar og flóknar.

Skýrt var frá samskiptum við FG um fyrirkomulag innritunar, en fundað verður með forráðamönnum skólans innan skamms.

Bæjarráð felur bæjarstjóra og sviðsstjóra fræðslu- og frístundarsviðs að fylgja erindinu eftir gagnvart ráðuneytinu og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar í skólanefnd.

10. **2506155 - 50 ára afmæli Garðabæjar 2026.**

Sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs gerði ráð fyrir fyrirkomulagi við framkvæmd afmælishátíðar á Garðatorgi 29. ágúst nk.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 25. ágúst 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Stella Stefánsdóttir, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Kjartan Atli Kjartansson, (sign)

Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
29. (2224). fundur 2026

Þriðjudaginn 1. september 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Almar Guðmundsson, bæjarstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2606408 - Greiðslur vegna nefndarsetu.

Lögð fram tillaga um fjölgun áheyrnarfulltrúa og greiðslur til þeirra fyrir setu í nefndum bæjarfélagsins og um að viðmiðunarfjárhæð nefndarlauna taki breytingum miðað við launavísitölu 1. júlí ár hvert.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og felur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs úrvinnslu málsins.

2. 2405208 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - Umsókn um byggingarleyfi .

Bæjarráð samþykkir með fjórum atkvæðum (BF, MB, HBE, SS) gegn einu (ÞÞ) að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. ágúst 2026 varðandi umsókn um byggingarleyfi sem gera m.a. ráð fyrir veislusal til útleigu fyrir allt að 105 manns að lokinni grenndarkynningu í samræmi við 44.gr.skipulagslaga.

Samkvæmt byggingarlýsingu er gert ráð fyrir veitingarými í flokki II. Í þeim flokki eru umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist, og sem almennt kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.

Skipulagsnefnd leggur til að bætt verði við eftirfarandi ákvæðum í byggingarlýsingu á uppdrætti:

“- Í samræmi við notkun byggingarinnar í byggingarlýsingu sem veitingarými í flokki II og með tilliti til aðstæðna þá skal samkvæmi vera alfarið innanhúss eftir kl. 23:00 um helgar en kl. 22:00 á virkum dögum. Á sama tíma skal lækka niður í hljóðkerfum og annarri háværri tónlist.

- Notkun hljóðkerfa utanhúss er óheimil.

- Flugeldanotkun er óheimil nema á þeim tímum sem reglur um almenna notkun kveða á um.

- Bálkestir eru óheimilir nema með tilskyldum leyfum.

- Ákvæði um notkun hússins sem sett eru fram í þessari byggingarlýsingu skal endurskoða í kjölfar gildistöku deiliskipulags- og aðalskipulagsbreytingar sem nær til svæðisins ef ástæða er til.

Umfjöllun byggingarlýsingar um skipulag á svæðinu skal breytt og þar skal standa:

- „Lóðin stendur innan svæðis sem skilgreint er sem opið svæði í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Samkvæmt kafla 3.15 í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að á opnum svæðum megi gera ráð fyrir veitingaaðstöðu. Ekkert deiliskipulag er formlega í gildi fyrir svæðið (Norðurnes). „

Skipulagsnefnd mælist til þess að fullt tillit sé tekið til Breiðabólstaðatjarnar sem nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi. Ekki hafa verið mótaðar sérstakar reglur um umgengni í og við tjörnina og beinir nefndin því til umhverfisnefndar að skoða hvort ástæða sé til að móta tillögur þar um.

Lögð fram tillaga umhverfissviðs að svörum við athugasemdum sem borist hafa og gerir nefndin engar athugasemdir við þau.

Meirihluti skipulagsnefndar samþykkti með 4 atkvæðum (BF, ÁSÁ, AEV og KV) gegn einu (EÞE) að gera ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem byggir á grenndarkynntum gögnum og byggingarlýsingu með ofangreindum breytingum.

3. 2606044 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Bæjargil 3 - Umsókn um byggingarheimild eða - leyfi.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. ágúst 2026 varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir gerð bílageymslu á baklóð einbýlishúsalóðarinnar Bæjargils 3 ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.

Byggður flötur byggingar samkvæmt uppdrætti er í samræmi við gildandi deiliskipulag Bæjargils og grenndarkynnta tillögu frá árinu 2008.

Umsóknin gerir ráð fyrir gluggalausum kjallara undir bílageymslu og stiga á milli hæða.

Nýtingarhlutfall lóðar ef tillit er tekið til flatarmáls kjallara er 0.5 en samkvæmt deiliskipulagi er hámarksnýtingarhlutfall 0.45.

Skipulagsnefnd metur umsóknina sem umsókn um breytingu deiliskipulags í samræmi við 2.

mgr. 43. gr. skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum og íbúum að Bæjargili 1, 5, 35 og 37.

4. 2607139 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Skeiðakur 2 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. ágúst 2026 varðandi umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir nýtingu á gluggalausum kjallararýmum og útitröppu sem tengir þau við verönd.

Í skilmálum deiliskipulags grein 1.1.8 segir að stærð neðri hæðar skuli ekki fara yfir 70% af flatarmáli aðalhæðar. Samkvæmt tillögu er flatarmál neðri hæðar orðið stærra en flatarmál efri hæðar.

Skipulagsnefnd metur umsóknina sem umsókn um deiliskipulagsbreytingu. Skipulagsnefnd metur breytinguna sem óverulega í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga.

Grenndarkynna skal eigendum Skeiðakurs 1, 3 og 4 sem og Sandakurs 1 og 3, Seinakurs 2 og Stórakurs 1 og 3.

5. 2010078 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.

Bæjarráð samþykkir með fjórum atkvæðum (BF, MB, HBE, SS) gegn einu (ÞÞ) að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. ágúst 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahverfis öðru sinni eftir auglýsingu en nú að liðnum framlengdum athugasemdafresti. Fyrir mistök láðist að auglýsa kynningu tillögunnar í Lögbirtingarblaði og í samráði við HMS var athugasemdafrestur framlengdur. Engar athugasemdir bárust innan framlengds athugasemdafrests og standa því fyrri samþykktir

skipulagsnefndar (30. apríl 2026) og bæjarstjórnar (7. maí 2026).

6. 2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. ágúst 2026 varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðahverfis og Garðaholts öðru sinni eftir auglýsingu en að liðnum framlengdum athugasemdafresti. Fyrir mistök láðist að auglýsa kynningu tillögunnar í Lögbirtingarblaði og í samráði við HMS var athugasemdafrestur framlengdur. Engar athugasemdir bárust innan framlengds athugasemdafrests og standa því fyrri samþykktir skipulagsnefndar (10. apríl 2026) og bæjarstjórnar (16. apríl 2026).

7. 2608272 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hafnarfjarðarvegur dsk frá Lyngási í Engidal.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. ágúst 2026 varðandi tillögu að bráðabirgðadeiliskipulagi Hafnarfjarðarvegur frá Lyngási að Engidal. Bráðabirgðadeiliskipulag Hafnarfjarðarvegur frá Lyngási að Vífilsstaðavegi var samþykkt árið 2019.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr. 43.gr. og 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. 2606062 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Vinastræti 18-26 - Deiliskipulagsbreyting.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. ágúst 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Urriðaholts norðurhluta 3 og háholts.

Tillagan var kynnt á fundi skipulagsnefndar 11. júní síðastliðinn. Hugmyndir sem tillagan byggir á var kynnt á íbúafundi 11. mars síðastliðinn.

Í tillögu að deiliskipulagsbreytingu felst að:

-Skilmálum á lóð Vinastrætis 20-24 er breytt þannig að lóðin verður eftir breytingu lóð fyrir atvinnu og íbúðarhúsnæði.

-Samtals er heimilt að byggja allt að 35 íbúðir á lóð, þar af allt að 12 íbúðir minni en 90m² birt stærð

-Lóð Vinastrætis 18 er felld niður og verður eftir breytingu hluti af torgi. Lóð nr. 20-24 stækkar en lóð nr. 26 minnkar.

-Byggingarreitur á lóð nr. 18 er felldur niður.

-Byggingarreitir og kennisnið á lóð Vinastrætis 20-24 breytast.

-Samhliða deiliskipulagsbreytingunni er gerð númerabreyting á lóðum.

-Lóð Vinastrætis 20-24 verður eftir breytingu Vinastræti 18-22. Lóð Vinastrætis 26 verður eftir breytingu Vinastræti 24. Lóð Vinastrætis 28 verður eftir breytingu Vinastræti 26.

-Kvöð er um gegnumakstur og samnýtingu bílastæða á lóðum Vinastrætis 18-22 og Vinastrætis 24. Sjá skilmálatöflu á skýringarupprætti.

-Bílastæðakrafa fyrir íbúðir er tvö stæði fyrir íbúðir stærri en 90 m² en eitt stæði fyrir íbúðir minni en 90 m² og bílastæðakrafa fyrir atvinnuhúsnæði er 1 stæði fyrir hverja 35 m² atvinnuhúsnæðis.

-Á lóð skulu vera 10 stæði fyrir íbúðir og öll stæði fyrir atvinnurými, staðsett skv.

skipulagsupprætti og mæliblaði. Öll bílastæði skulu vera innan lóðar. Aðkoma að bílastæðum á lóð og bílgeymslu er frá Vinastræti. Kvöð er um aðkomu að bílastæðalóð og gegnumakstur á lóð. Rekstur, umhirða og viðhald bílastæða og akstursleiða á lóð skal vera á sameiginlegri ábyrgð eigenda húsa á lóðinni í hlutfalli við skiptingu bílastæða á lóðinni.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fallið er frá gerð skipulagslýsingar og forkynningu þar sem að tillagan samræmist gildandi aðalskipulagi.

9. 2602150 - Endurskoðun á friðlýsingu Reykjanesfólkvangs.

Lögð fram skýrsla Náttúruverndarstofnunar varðandi valkosti vegna endurskoðunar á friðlýsingu Reykjanesfólkvangs, friðlýst svæði innan Garðabæjar.

Bæjarráð staðfestir tillögu umhverfisnefndar um að valkostur a) verði valinn og að svæðið verði friðlýst sem landslagsverndarsvæði innan Garðabæjar.

10. 2509207 - Erindi Náttúruhamfaratryggingar Íslands til sveitarstjórna og skipulagsyfirvalda, dags. 27.08.26.

Lagt fram bréf Náttúruhamfaratrygginga Íslands, dags. 27. ágúst 2026 til sveitarfélaga á Íslandi, skipulagsyfirvalda og sveitarstjórna, varðandi áhrif 16.gr. laga nr. 55/1992 ef byggingar eru reistar á svæðum sem fyrir fram er vitað að eru sérlega næm fyrir náttúruhamförum sem eru bótaskyldar hjá NTÍ.

Bæjarráð vísar erindinu til skoðunar hjá umhverfissviði og til umfjöllunar í skipulagsnefnd.

11. 2608428 - Erindi til sveitarstjórna varðandi álit á vindorkuhugmyndum rammaáætlunar, dags. 25.08.26.

Lagt fram erindi Háskólans á Akureyri varðandi álit sveitarstjórnar á vindorkuhugmyndum sem eru til umfjöllunar í 6. áfanga rammaáætlunar.

Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu hjá umhverfissviði og til umfjöllunar í skipulagsnefnd.

12. 2608446 - Stofnun hollvinafélags Garðakirkju.

Bæjarstjóri lagði fram tillögu um framlag Garðabæjar til Hollvinafélags Garðakirkju.

Bæjarráð samþykkir að Garðabær leggi til kr. 500.000 sem framlag í stofnsjóð nýstofnaðs Hollvinafélags Garðakirkju. Bæjarráð óskar Garðabæingum og Garðakirkju til hamingju með 60 ára endurvígsluafmæli kirkjunnar.

13. 2608454 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á Herra- og kvennakvöldi Ungmennafélags Álftaness 06.11.26.

Lögð fram umsókn UMF-Álftaness um tímabundið áfengisleyfi í íþróttamiðstöðinni Breiðumýri á herra- og kvennakvöldi sem halda á dagana 6. og 7. nóvember 2026.

Bæjarráð gerir ekki fyrir sitt leyti athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

14. 2201264 - Gjóf á útilistaverki eftir Pétur Bjarnason myndhöggvara.

Lagt fram erindi Sigríðar Jóhannesdóttur, ekkju Péturs Bjarnasonar myndhöggvara, þar sem fram kemur vilji hennar til að gefa Garðabæ útilistaverkið „Kringja“ eftir Pétur.

Bæjarráð færir Sigríði þakkir fyrir gjöfina og felur menningarfulltrúa í samráði við umhverfissvið að finna útilistaverkinu staðsetningu og undirbúa uppsetningu þess.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 1. september 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Stella Stefánsdóttir, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Kjartan Atli Kjartansson, (sign)

Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar

2. fundur 2026

Fimmtudaginn 20. ágúst 2026 kl. 08:00 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Birkir Guðlaugsson formaður, Lára Sif Christiansen aðalmaður, Sigrún Antonsdóttir aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2608236 - Afreksstyrkir 2026 - seinni húthlutun

Seinni úthlutun afreksstyrkja Garðabæjar árið 2026 hefur nú verið auglýst til umsóknar til og með 6. september.

ÍTG tekur umsóknir fyrir á næsta fundi 10. september 2026.

2. 2404549 - Íþróttir barna og frístund

Til upplýsingar er nýtt fyrirkomulag æfinga 6 og 7 ára (1. og 2. bekkjar) barna hjá Stjórnunni í samstarfi við frístundaheimili og grunnskóla Garðabæjar. Handbolta-, körfubolta-, fótbolta- og fimleikadeildir eru með í þessu skipulagi þar sem ein æfing á viku fer fram í íþróttahúsi viðkomandi skóla. Starfsmaður viðkomandi frístundaheimilis fylgir hverjum hópi á æfinguna og er með þeim þar til þau eru komin aftur í sitt frístundaheimili. Þau börn sem enda æfingu í íþróttahúsinu eru þá sótt þangað af foreldrum. Frístund Urriðaholtsskóla nýtir nýja íþróttahúsið við Urriðaholtsskóla, Hofstaðaskóli nýtir Mýrina og börn úr Barnaskóla Hjallastefnunnar, Flataskóla og Sjálandsskóla fara í Ásgarð.

Skráningar hafa gengið vonum framár og mikil ánægja meðal foreldra með þetta nýja fyrirkomulag.

3. 2606500 - Reglugerð um ÍTG og starfsáætlun 2026 til 2027

Formaður sýndi drög að uppfærslu á "reglugerð" ÍTG eða erindisbréfi sem sent verður áfram til yfirlestra meðal nefndarmanna.

Samþykkt var að vísa málinu áfram til Fræðslu- og frístundasviðs til frekari skoðunar.

Samþykkt að hafa fundartíma ÍTG kl. 8:00 annan fimmtudag í mánuði skv. starfsáætlun vetrarins.

4. 2606713 - Tillaga Framsóknar um bætta aðstöðu við Álftaneslaug

Tekin var til umræðu tillaga frá fulltrúa Framsóknarflokksins:

"Framsókn í Garðabæ leggur til að farið verði í úttekt á aðstöðu fyrir fatlaða í Álftaneslaug með það að markmiði að bæta aðgengi þeirra að svæðinu í heild.

Sömuleiðis að farið verði í úttekt á aðstöðu við heita og kalda svæðið. Metin verði þörf á því að stækka og bæta köldu aðstöðuna og skoða nýtingu á rými sem núna er undir eimbað, hvort hægt væri að hafa þar infrarauða sauna eða stækka núverandi saunaaðstöðu."

Málinu er vísað til fræðslu og frístundasviðs sem leggur fram áætlanir varðandi mikilvægar framkvæmdir í viðhaldi og umbótum í íþróttamannvirkjum bæjarins.

5. 2606569 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Evu Ingibjargar Óladóttur vegna NM U16 í körfubolta 2. til 9. júlí 2026 í Finnlandi.

Hlynur Bæringsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

6. 2606641 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Baltasars Torfa Hlynssonar vegna NM U16 í körfubolta 2. júlí 2026 í Finnlandi.

Hlynur Bæringsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

7. 2606642 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Berglindar Kötlur Hlynisdóttur vegna EM U20 í körfubolta í Litháen 2. júlí 2026

8. 2606673 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Úlfs Týs Ágústsson vegna NM U16 í körfubolta í Finnlandi 2. júlí 2026.

9. 2606675 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Úlfs Týs Ágústssonar vegna EM U16 í körfubolta í N-Makedóníu 3. ágúst 2026.

Hlynur Bæringsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

10. 2606686 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Heiðrúnar Bjargar Hlynisdóttur vegna EM U20 í körfubolta í Litháen 2. júní 2026.

11. 2606690 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Kristins Sturlusonar vegna NM U16 í körfubolta í Finnlandi 2. júlí 2026.

12. 2607019 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Örnur Sólrunar Heimisdóttur vegna European League í blaki í Austurríki 5.-8. júní 2026.

13. 2607022 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Örnur Sólrunar Heimisdóttur vegna European League í blaki í Slóveníu 11.-14. júní 2026.

14. 2607037 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Víktors Jónasar Lúðvíkssonar vegna EM U20 í körfubolta í Bratislava 8. júlí 2026.

- 15. 2607038 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Söndru Rutar Sigurðardóttur vegna NM U15 í körfu í Finnlandi 1. ágúst 2026.
- 16. 2607100 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Daníels Geirs Snorrasonar vegna U18 í körfubolta í Króatíu 22. júlí 2026.
- 17. 2607193 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Marín Óskar Finnisdóttur Þormar vegna NM U15 í körfubolta í Finnlandi 1. ágúst 2026.
- 18. 2607217 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Kormáks Nóa Jack vegna NM U16 í körfubolta í Finnlandi 2. til 9. júlí 2026.
- 19. 2607220 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Evu Ingibjargar Óladóttur vegna EM U16 í Grikklandi 4. til 12. ágúst 2026.
- 20. 2607224 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Jakobs Kára Leifssonar vegna NM U18 í Södertalje í Svíþjóð 22. til 29. júlí 2026.
- 21. 2607225 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Jakobs Kára Leifssonar vegna EM U18 í Rijeka í Króatíu 3. ágúst 2026.
- 22. 2607253 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Emblu Hrannar Sigurðardóttur vegna NM U15 í Finnlandi 1. ágúst 2026.
- 23. 2607260 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Kára Erlendssonar vegna leikja U15 í handbolta í Færeyjum 5. til 8. júní 2026.
- 24. 2607278 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Marínós Freys Ómarssonar vegna EM U16 í körfubolta í N-Makedóníu 4. til 16. ágúst 2026.
- 25. 2607283 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Helgu Þorvaldsdóttur vegna European Senior Ladie's

Team Championship í Búlgaríu 30. ágúst 2026. Landslið GSÍ 50 .

26. 2607329 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Guðjóns Mána Brjánssonar vegna NM í körfubolta U15 í Helsinkí 1. ágúst 2026.

27. 2607341 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Sigrúnar Sólar Brjánsdóttur vegna EM í körfubolta U18 í Rúmeníu 30. júlí 2026.

Hlynur Bæringsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

28. 2608006 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Baltasars Torfa Hlynssonar vegna EM í körfubolta U16 í N-Makedóníu 4. ágúst 2026.

Hlynur Bæringsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

29. 2608007 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Berglindar Kötlu Hlynisdóttur vegna EM í körfubolta U16 í Grikklandi 4. ágúst 2026.

30. 2608128 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk til Brynjars Þórs Björnssonar vegna í vináttuleikja U15 í handbolta við Færeyjar 6.-8. júní 2026.

31. 2608165 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Elvu Rúnar Jónsdóttur vegna NM U21 í hestaíþróttum 4.-9. ágúst 2026 í Svíþjóð.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
73. fundur 2026

Þriðjudaginn 18. ágúst 2026 kl. 17:00 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Egill Trausti Ómarsson aðalmaður, Harpa Grétarsdóttir aðalmaður, Kristjana F Sigursteinsdóttir varamaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2608084 - Menningardagskrá haust 2026

Dagskrá haustsins kynnt en dagskráin berst bæjarbúum þann 27. ágúst og verður þar að auki aðgengileg á vef, í þjónustuveri, á Hönnunarsafni Íslands og Bókasafni Garðabæjar sem og liggja frammi á afmælishátíð bæjarins 29. ágúst.

2. 2608085 - Menningardagskrá fyrir skólahópa haust 2026

Dagskrá fyrir skólahópa á haustönn kynnt en Barnamenningarhátíð mun fara fram í október.

3. 2608087 - Skapandi sumarstörf 2026

Einar Örn Magnússon verkefnastjóri Skapandi sumarstarfa og Agla Bríet Bárudóttir aðstoðarverkefnastjóri kynntu nýliðið sumarstarf.

Gestir

einar örn Magnússon - 18:00

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
11. fundur 2026

Fimmtudaginn 27. ágúst 2026 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Ásgeir Sigurður Ágústsson aðalmaður, Kjartan Vilhjálmsson varamaður, Agla Eir Vilhjálmisdóttir aðalmaður, Einar Þór Einarsson aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson áheyrnarfulltrúi, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2010080 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðahverfis og Garðaholts öðru sinni eftir auglýsingu en að liðnum framlengdum athugasemdafresti. Fyrir mistök láðist að auglýsa kynningu tillögunnar í Lögbirtingablaði og í samráði við HMS var athugasemdafrestur framlengdur. Engar athugasemdir bárust innan framlengds athugasemdafrests og standa því fyrri samþykktir skipulagsnefndar (10. apríl 2026) og bæjarstjórnar (16. apríl 2026).

2. 2010078 - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Garðahverfis öðru sinni eftir auglýsingu en nú að liðnum framlengdum athugasemdafresti. Fyrir mistök láðist að auglýsa kynningu tillögunnar í Lögbirtingablaði og í samráði við HMS var athugasemdafrestur framlengdur. Engar athugasemdir bárust innan framlengds athugasemdafrests og standa því fyrri samþykktir skipulagsnefndar (30. apríl 2026) og bæjarstjórnar (7. maí 2026).

3. 2203422 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og þjónustukerfi

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til stígakerfis að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa. Tillögu og innsendum gögnum vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og ráðgjöfum.

4. 1710244 - Gálgahraun, deiliskipulag friðlands.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Gálgahrauns að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa. Tillögu og innsendum gögnum vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og ráðgjöfum.

5. 2405208 - Spilda A úr landi Grundar - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

Lagðir fram aðaluppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi sem gera m.a. ráð fyrir veislusal til útleigu fyrir allt að 105 manns að lokinni grenndarkynningu í samræmi við

44.gr.skipulagslaga.

Samkvæmt byggingarlýsingu er gert ráð fyrir veitingarými í flokki II. Í þeim flokki eru umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist, og sem almennt kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.

Skipulagsnefnd leggur til að bætt verði við eftirfarandi ákvæðum í byggingarlýsingu á uppdrætti:

“- Í samræmi við notkun byggingarinnar í byggingarlýsingu sem veitingarými í flokki II og með tilliti til aðstæðna þá skal samkvæmi vera alfarið innanhúss eftir kl. 23:00 um helgar en kl.

22:00 á virkum dögum. Á sama tíma skal lækka niður í hljóðkerfum og annarri háværri tónlist.

- Notkun hljóðkerfa utanhúss er óheimil.

- Flugeldanotkun er óheimil nema á þeim tímum sem reglur um almenna notkun kveða á um.

- Bálkestir eru óheimilir nema með tilskyldum leyfum.

- Ákvæði um notkun hússins sem sett eru fram í þessari byggingarlýsingu skal endurskoða í kjölfar gildistöku deiliskipulags- og aðalskipulagsbreytingar sem nær til svæðisins ef ástæða er til.

Um fjöllum byggingarlýsingar um skipulag á svæðinu skal breytt og þar skal standa:

- „Lóðin stendur innan svæðis sem skilgreint er sem opið svæði í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Samkvæmt kafla 3.15 í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að á opnum svæðum megi gera ráð fyrir veitingaaðstöðu. Ekkert deiliskipulag er formlega í gildi fyrir svæðið (Norðurnes). „

Skipulagsnefnd mælist til þess að fullt tillit sé tekið til Breiðabólstaðatjarnar sem nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi. Ekki hafa verið mótaðar sérstakar reglur um umgengni í og við tjörnina og beinir nefndin því til umhverfisnefndar að skoða hvort ástæða sé til að móta tillögur þar um.

Lögð fram tillaga umhverfissviðs að svörum við athugasemdum sem borist hafa og gerir nefndin engar athugasemdir við þau.

Meirihluti skipulagsnefndar samþykkir með 4 atkvæðum (BF, ÁSÁ, AV og VK) gegn einu (EÞE) að gera ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem byggir á grenndarkynntum gögnum og byggingarlýsingu með ofangreindum breytingum.

Fulltrúi Framsóknar (EÞE) leggur fram eftirfarandi bókun:

"Fulltrúi Framsóknar í skipulagsnefnd Garðabæjar er ekki andvígur veislu- og veitingaþjónustu á þessum stað í sjálfu sér, sé rétt að henni staðið. Forsendan er traustur skipulagslegur grunnur og raunverulegt samráð við íbúa.

Samkvæmt gögnum bæjarins sjálfs er byggingin á opnu svæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Fulltrúinn leggur því til að afgreiðslu verði frestað þar til fyrir liggur skriflegt álit bæjarlögmanns á því hvernig umsóknin samræmist gildandi aðalskipulagi, hljóðvistargreining óháðs aðila, og mat á áhrifum starfseminnar á fuglalíf og hverfisverndað svæði við Breiðabólstaðatjörn.

Samtímis er mikilvægt að leitað verði samtals við umsækjanda og íbúa um opnunartíma, hámarksfjölda gesta og notkun útisvæða, svo afgreiðsla málsins geti byggt á sátt."

Áheyrnarfulltrúi Garðabæjarlistans (GPL) leggur fram eftirfarandi bókun:

"Fulltrúi Garðabæjarlistans lýsir undrun á vinnubrögðum umsækjanda, þar sem framkvæmdir hafa verið hafnar án þess að tilskilin byggingarleyfi liggi fyrir og rekstur þegar hafinn í umræddri byggingu án þess að rekstrarleyfi hafi verið gefið út.

Garðabæjarlistinn telur uppbyggingu og atvinnustarfsemi af þessu tagi geta verið jákvæða fyrir samfélagið. Það breytir þó ekki þeirri skyldu sveitarfélagsins að tryggja að uppbygging og rekstur fari fram í samræmi við lög, reglur og skipulag og að fullt tillit sé tekið til hagsmuna íbúa, nágretta og náttúrunnar á svæðinu.

Við teljum því mikilvægt að málið verði tekið til nánari skoðunar áður en byggingarleyfi er veitt, sérstaklega með tilliti til áhrifa starfseminnar á nærliggjandi íbúabyggð, umhverfis- og náttúruverndar og þess hvort umfang og eðli starfseminnar samræmist skipulagi og aðstæðum á svæðinu.

Garðabæjarlistinn styður atvinnuuppbyggingu og verkefni sem auðga samfélagið, en slík sjónarmið mega ekki ganga framar vandaðri og eðlilegri málsmeðferð. Sömu reglur og kröfur eiga að gilda um alla og mikilvægt er að sveitarfélagið gæti jafnræðis, hagsmuna íbúa og umhverfis við afgreiðslu málsins."

Áheyrnarfulltrúi Samfylkingarinnar (KAK) leggur fram eftirfarandi bókun:

"Fulltrúi Samfylkingarinnar telur rétt að staldra við í þessu máli. Ljóst er að mikil vinna og framtaksemi hefur einkennt uppbygginguna á svæðinu og starfsemin hefur skapað margar ánægjulegar stundir. Á sama tíma er sú staða uppi að verið er að fjalla um byggingarleyfi fyrir byggingu og starfsemi sem þegar hefur verið komið á fót. Það er óheppilegt og undirstrikar mikilvægi þess að farið sé eftir eðlilegum farvegi við uppbyggingu og leyfisveitingar. Jafnframt þarf að hlusta á ábendingar og áhyggjur íbúa. Af þeim má ráða að starfsemin hafi að einhverju leyti raskað þeirri ró sem íbúar sóttust eftir með því að búa á þessu svæði. Mikilvægt er að hlusta á sjónarmið allra, leita sameiginlegra lausna og skapa meiri sátt um starfsemina og umgjörð hennar til framtíðar."

6. 2607140 - Vesturtún 49a - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn frá eiganda parhúseiningarinnar Vesturtúns 49a hvort samþykkt verði að byggja 15 m² smáhýsi á lóðarmörkum sem myndi ná u.þ.b. 2 metra inn á bæjarland.

Svar: Skipulagsnefnd fellst ekki á staðsetningu smáhýsis sem nær út fyrir lóðarmörk. Nefndin bendir enn fremur á að samkvæmt deiliskipulagi á lóðin Vesturtún 47b lóðarmörk að opnu svæði bæjarins og staðsetning núverandi smáhýsis torveldar aðkomu frá þeirri lóð að opnu svæði.

7. 2604413 - Hraunhólar - Lynghólar - samgöngustígur - Deiliskipulag

Lögð fram tillaga skipulagsstjóra um að mótaðar verði tillögur að breytingu deiliskipulags Hraunsholts eystra og deiliskipulags Bæjargarðs þess efnis að stofnstígur um Lynghóla og Hraunhóla verði felldur út en gert verði ráð fyrir stofnstíg í hrauninu sunnan Hraunhóla. Hafa þarf samráð við Náttúruverndarstofnun þar sem hraunið er friðlýst sem fólkvangur og einnig er máli vísað til umsagnar hjá umhverfisnefnd Garðabæjar. Breytingartillaga er í samræmi við ákvæði Aðalskipulags Garðabæjar um legu stofnstíga á svæðinu. Skipulagsnefnd samþykkir tillögu skipulagsstjóra.

8. 2608272 - Hafnarfjarðarvegur dsk frá Lyngási í Engidal

Lögð fram tillaga að bráðabirgðadeiliskipulagi Hafnarfjarðarvegur frá Lyngási að Engidal. Bráðabirgðadeiliskipulag Hafnarfjarðarvegur frá Lyngási að Vífilsstaðavegi var samþykkt árið 2019.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

9. 2604290 - Arnarland_Umsókn um dsk.br. - Leikskóli

Lögð fram umsókn landeiganda og uppbyggingaraðila Arnarlands um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir að lágmarksstærð atvinnurýmis á jarðhæð með leikskóla á reit F verði minnkuð úr 1.908 m² í 800 og að það gæti verið um 2 deilda leikskóla að ræða í stað 3-4 deilda.

Einnig er sótt um að hámarksbyggingarmagn íbúða ofanjarðar verði 6.659 m² í stað 5.551 m². Með því breytist byggingarmagn ekki en notkun breytist að hluta úr atvinnu í íbúðarrými. Umsókn vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

10. 2605039 - Arnarland_Umsókn um dsk.br. - Atvinnurými E-reitur

Lögð fram umsókn landeiganda og uppbyggingaraðila Arnarlands um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir að ákvæði um að lámarks fermetrafjöldi atvinnurýmis á jarðhæð á reit E, 410 m², verði að lágmarki 200 m² og að heimilt verði að auka byggingarmagn íbúða sem fækkun atvinnurýmis nemur.

Umsókn vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

11. 2605059 - Arnarland_Umsókn um dsk.br. - Sameining lóða - E, F, G og K

Lögð fram umsókn landeiganda og uppbyggingaraðila Arnarlands um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir breytingum sem ná til eftirfarandi lóða; E, F, G og K.

Helstu breytingar samkvæmt tillögunni yrðu:

Lóðir E og F eru sameinaðar í eina lóð (EF) og stækkaðar. Byggingarreitur neðanjarðar breytist - Göngutenging sem hlykkjast niður Landakur að Ósakri, sem áður lá milli lóða E og F, tilheyrir nú lóð EF. Yfirborð, umsjón og rekstur yrðu áfram á vegum Garðabæjar.

Lóðir G og K eru sameinaðar í eina lóð (GK) og stækkaðar. - Byggingarreitur ofanjarðar (áður á lóð K) breytist, speglast og liggur meðfram Nesakri. - Byggingarreitur neðanjarðar breytist. - Aðkoma að bílakjallara færast. Að öðru leyti haldast almennir skilmálar óbreyttir.

Skipulagsnefnd óskar eftir ítarlegri gögnum sem sýna hugmyndir uppbyggingaraðila með hvaða hætti lóð og göngutengingar yrðu útfærðar.

12. 2604479 - Arnarland_Umsókn um dsk.br. - Svalir út fyrir byggingarreit

Lögð fram umsókn landeiganda og uppbyggingaraðila Arnarlands um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir breytingu á ákvæði í grein 5.2.5.6 í greinargerð deiliskipulagsins sem kveður á um svalir, gustlokanir og svalaganga. Óskað er eftir því að svalir geti náð út fyrir byggingarreit húshliða sem snúa að götu um 2 metra eins og kveðið er á um svalir sem snúa að inngarði.

Skipulagsnefnd bendir á að umrætt ákvæði sé sett með birtugæði íbúða og útlitsgæði húshliða sem snúa að götu í huga.

Skipulagsnefnd óskar eftir nánari útlistun á hugmyndum uppbyggingaraðila varðandi staðsetningu þeirra svara sem óskað er eftir breytingum á.

13. 2604410 - Arnarland_umsókn um dsk.br. - Útveggir bílakjallara

Lögð fram umsókn landeiganda og uppbyggingaraðila Arnarlands um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir breytingu á ákvæði um hámarkshæð útveggja kjallara.

Skipulagsnefnd óskar eftir ítarlegri gögnum sem sýna hugmyndir uppbyggingaraðila og með hvaða hætti útveggir bílakjallara yrðu útfærðir.

14. 2607221 - Arnarland - Umsókn um dsk.br. Djúpgámar - bílastæði fyrir hreyfihamlaða

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa sem snýr að staðsetningu djúpgáma í Arnarlandi fyrir lóð E og F. Skipulagsnefnd vísar fyrirspurn til skoðunar hjá höfundum lóðarblaða og gatnahönnuða.

15. 2607139 - Skeiðakur 2 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir nýtingu á gluggalausum kjallararýmum og útitröppu sem tengir þau við verönd.

Í skilmálum deiliskipulags grein 1.1.8 segir að stærð neðri hæðar skuli ekki fara yfir 70% af flatarmáli aðalhæðar. Samkvæmt tillögu er flatarmál neðri hæðar orðið stærra en flatarmál efri hæðar.

Skipulagsnefnd metur umsóknina sem umsókn um deiliskipulagsbreytingu. Skipulagsnefnd metur breytinguna sem óverulega í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga.

Grenndarkynna skal eigendum Skeiðakurs 1, 3 og 4 sem og Sandakurs 1 og 3, Seinakurs 2 og Stórakurs 1 og 3.

16. 2606044 - Bæjargil 3 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 1

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir gerð bílageymslu á baklód einbýlishúsalóðarinnar Bæjargils 3 ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.

Byggður flötur byggingar samkvæmt uppdrætti er í samræmi við gildandi deiliskipulag Bæjargils og grenndarkynnta tillögu frá árinu 2008.

Umsóknin gerir ráð fyrir gluggalausum kjallara undir bílageymslu og stiga á milli hæða.

Nýtingarhlutfall lóðar ef tillit er tekið til flatarmáls kjallara er 0.5 en samkvæmt deiliskipulagi er hámarksnýtingarhlutfall 0.45.

Skipulagsnefnd metur umsóknina sem umsókn um breytingu deiliskipulags í samræmi við 2.

mgr. 43. gr. skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga.

Grenndarkynna skal eigendum og íbúum að Bæjargili 1, 5, 35 og 37.

17. 2606062 - Vinastræti 18-26 - Deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts norðurhluta 3 og háholts.

Tillagan var kynnt á fundi skipulagsnefndar 11. júní síðastliðinn. Hugmyndir sem tillagan byggir á var kynnt á íbúafundi 11. mars síðastliðinn.

Í tillögu að deiliskipulagsbreytingu felst að:

- Skilmálum á lóð Vinastrætis 20-24 er breytt þannig að lóðin verður eftir breytingu lóð fyrir atvinnu og íbúðarhúsnæði.

- Samtals er heimilt að byggja allt að 35 íbúðir á lóð, þar af allt að 12 íbúðir minni en 90m² birt stærð

- Lóð Vinastrætis 18 er felld niður og verður eftir breytingu hluti af torgi. Lóð nr. 20-24 stækkar en lóð nr. 26 minnkar.

- Byggingarreitur á lóð nr. 18 er felldur niður.

- Byggingarreitir og kennisnið á lóð Vinastrætis 20-24 breytast.

- Samhliða deiliskipulagsbreytingunni er gerð númerabreyting á lóðum.

- Lóð Vinastrætis 20-24 verður eftir breytingu Vinastræti 18-22. Lóð Vinastrætis 26 verður eftir breytingu Vinastræti 24. Lóð Vinastrætis 28 verður eftir breytingu Vinastræti 26.

- Kvöð er um gegnumakstur og samnýtingu bílastæða á lóðum Vinastrætis 18-22 og Vinastrætis 24. Sjá skilmálatöflu á skýringaruppdrætti.

- Bílastæðakrafa fyrir íbúðir er tvö stæði fyrir íbúðir stærri en 90 m² en eitt stæði fyrir íbúðir minni en 90 m² og bílastæðakrafa fyrir atvinnuhúsnæði er 1 stæði fyrir hverja 35 m² atvinnuhúsnæðis.

- Á lóð skulu vera 10 stæði fyrir íbúðir og öll stæði fyrir atvinnurými, staðsett skv.

skipulagsuppdrætti og mæliblaði. Öll bílastæði skulu vera innan lóðar. Aðkoma að bílastæðum á

lóð og bílgeymslu er frá Vinastræti. Kvöð er um aðkomu að bílastæðalóð og gegnumakstur á

lóð. Rekstur, umhirða og viðhald bílastæða og akstursleiða á lóð skal vera á sameiginlegri

ábyrgð eigenda húsa á lóðinni í hlutfalli við

skiptingu bílastæða á lóðinni.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fallið er frá gerð skipulagslýsingar og forkynningu þar sem að tillagan samræmist gildandi aðalskipulagi.

18. 2509355 - Frumvarp til laga um skipulagslög (breytingar á svæðisskipulagi), 28. mál

Vakin er athygli nefndarmanna á frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum sem varða ákvæði um svæðisskipulag.

19. 2608280 - Umferðaröryggisáætlun Garðabæjar

Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs gerði grein fyrir vinnu við umferðaröryggisáætlun Garðabæjar.

EÐE þurfti að yfirgefa fund eftir 8. fundarlið.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Velferðarráð Garðabæjar

7. fundur 2026

Föstudaginn 21. ágúst 2026 kl. 08:15 kom velferðarráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Anna Ragnheiður Möller formaður, Ýmir Örn Finnbogason aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Haukur Þorsteinsson aðalmaður, Inga Amal Hasan aðalmaður, Harpa Grétarsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Snædís Björnsdóttir lögfræðingur.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2607098 - Aðgerðaráætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030

Aðgerðaráætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030 lögð fram til kynningar. Hanna Borg Jónsdóttir, verkefnastjóri Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins kynnir og svarar fyrirspurnum fundarmanna.

Velferðarráð fagnar aðgerðaráætluninni og óskar eftir að fá með reglubundnum hætti upplýsingar um stöðu innleiðingar farsældarlaga í Garðabæ. Óskað er eftir kynningu á stöðunni frá verkefnastjóra innleiðingar farsældar á næstu mánuðum.

2. 2603007 - Frumkvæðisathugun á eftirlitsskyldum barnaverndarþjónusta vegna barna í fóstri

Skýrsla Gæða- og eftirlitsstofnunar um Frumkvæðisathugun á eftirlitsskyldum barnaverndarþjónusta með börnum í fóstri lögð fram til kynningar. Anna Eygló Karlsdóttir deildarstjóri barnaverndarþjónustu Garðabæjar sat fundinn undir þessum lið, fór yfir hvernig niðurstöður skýrslunnar eiga við um starfsemi barnaverndarþjónustu Garðabæjar og svaraði fyrirspurnum fundarmanna. Barnaverndarþjónusta Garðabæjar mun vinna áætlun um úrbætur samkvæmt tilmælum skýrslunnar sem verður lögð fyrir velferðarráð um næstu áramót.

3. 2608218 - Úthlutunarteymi félagslegs leiguhúsnæðis

Velferðarráð samþykkir skipun úthlutunarteymis félagslegs leiguhúsnæðis. Í teyminu sitja deildarstjóri í málefnum fatlaðs fólks, forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu, deildarstjóri barnaverndar, verkefnastjóri samræmdrar móttöku flóttafólks, félagsráðgjafi félagsþjónustu og lögfræðingur velferðarsviðs. Teymið starfar samkvæmt gildandi reglum um úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis. Séu atkvæði við úthlutun jöfn ræður sviðsstjóri úrslitum.

Verði forföll í teyminu skipar sviðsstjóri velferðarsviðs varamann í samráði við þann sem forfallast.

Úthlutunarteyminu er heimilt að kalla aðra starfsmenn velferðarsviðs til setu á úthlutunarfundum, hafi þeir innsýn í tiltekin mál og geti veitt teyminu ráðgjöf við afgreiðslu þeirra. Þeir starfsmenn hafa þó ekki atkvæðisrétt við úthlutun.

Velferðarráð óskar eftir að fá a.m.k. tvisvar á ári ópersónugreinanlegt yfirlit um stöðu biðlista,

fjölda umsókna og úthlutana og biðtíma eftir félagslegu húsnæði, þannig að ráðið geti fylgst með því hvort framboð húsnæðis mæti raunverulegri þörf.

4. 1903268 - Tölulegar upplýsingar í barnavernd og fjárhagsaðstoð

Tölulegar upplýsingar í barnavernd og fjárhagsaðstoð frá janúar til júní 2026 lagðar fram til umræðu og kynningar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

631. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 17. ágúst 2026
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Hildur Björnsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Hilmar Gunnarsson, Jóhanna Hreinsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Þórður Þórarinnsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Hildur Björnsdóttir formaður stjórnar SSH setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Lagt er til að stofnað verði til vinnustofu stjórnar SSH og sérfræðingahóps sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar um ljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu þar sem markmiðið yrið að meta eftirfarandi:

1. Stöðu mála umferðarljósastýringa.
2. Fjárfestingarþörf og mat á úrbótum m.a. með tilliti til nýjustu tækni.
3. Fjárfestingagetu BS ohf og sveitarfélaganna til að flýta verkefnum.

Að þessari vinnu lokinni verður unnin tillaga sveitarfélaganna um leiðir og fjárfestingar, í samstarfi sveitarfélaganna og BS ohf.

Niðurstaða:

Samþykkt. Framkvæmdastjóra er falið að undirbúa og boða til vinnustofunnar.

2. Almenningsamgöngur - þjónustusamningur og fjárhagsáætlun - 2608003

Í ljósi þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á fyrirkomulagi almenningsamgangna þarf m.a. að ræða innihald og feril þeirrar fjárhagsáætlunar ASHB ohf. sem nú liggur fyrir og hefur verið send sveitarfélögunum til afgreiðslu. Áætlunin var kynnt samráðshópi til samræmis við þjónustusamning ríkis og sveitarfélaga við ASHB ohf. á fundi hópsins 7. júlí sl.

Niðurstaða:

Umræður. Framkvæmdastjóra er falið að boða til fundar þar sem fyrirliggjandi fjárhagsáætlun verði til umræðu og eigendafundur Strætó bs. verði haldinn í tengslum við þann fund.

3. Fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum o.fl. - 2311003

Fyrirliggjandi er minnisblað um eftirstæð verkefni sveitarfélaganna á sviði heilbrigðiseftirlits og hugsanleg næstu skref í ljósi lagabreytinga á því sviði.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða:

Umræður. Framkvæmdastjóra er falið að vinna áfram að málinu til samræmis við umræður fundarins um stofnun vinnuhóps.

4. Hinsegin félagsmiðstöð - 2407010

Fyrirliggjandi er erindi frá Samtökunum '78, þar sem fram kemur ósk um aðkomu SSH að rekstri hinsegin félagsmiðstöðvar. Óskað var eftir greiningu Skólamálanefndar SSH á þeirri þjónustu sem til staðar er og liggur hún fyrir fundinum.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Umræður. Skólamálanefnd SSH verði falið að skoða frekar möguleika á samstarfi og samræmingu þessa félagsstarfs milli sveitarfélaga, t.a.m. með tilliti til skörunar opnunartíma.

5. Breytingar á skipulagslögum - 2608004

Fyrirliggjandi er áformaskjal, sem birt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda, um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010. Það var jafnframt kynnt fyrir Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins á fundi hennar 14. ágúst sl.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

6. Stefnumótandi byggðaaætlun 2027-2041 - 2608005

Hvítbók um byggðamál, þar sem kynnt eru drög að stefnumótandi byggðaaætlun til 15 ára og aðgerðaaætlun til fimm ára, hefur verið birt til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda. Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn SSH.

Niðurstaða:

Samþykkt.

7. Aðalfundur SSH 2026 - 2608001

Komið er að Hafnarfirði að hýsa aðalfund SSH en gerð er tillaga um að aðalfundurinn fari fram föstudaginn 13. nóvember 2026.

Niðurstaða:

Samþykkt. Skrifstofu SSH er falið að undirbúa fundinn í samráði við sveitarfélagið.

8. Önnur mál - 2110011

Umræður um fyrirkomulag aðalfunda SHS og hvort skoða eigi hvort aðalfundir SSH og SHS skuli vera sameiginlegir.

Umræður um samvinnu sveitarfélaganna á sviði gervigreindar.

Niðurstaða:

Aðalfundir SHS og SSH verði haldnir sameiginlega. Jafnframt verði skoðað hvort



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

fýsilegt sé að halda ársfundi annarra byggðasamlaga á sama tíma.

*Framkvæmdastjóri mun senda stjórn nánari upplýsingar um
sóknaðaráætlunarverkefni á sviði gervigreindar.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:15.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**147. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 14. ágúst 2026
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Árni Rúnar Árnason, Birkir Ingibjartsson, Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Eydís Inga Valsdóttir, Guðný María Jóhannsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Hjörtur Örn Arnarsson, Karólína Helga Símonardóttir, Kjartan Atli Kjartansson, Magnús Benediktsson, Magnús Ingi Kristmannsson, Sævar Birgisson, Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri og Jóhannes Bjarki Bjarkason starfsmaður SSH.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri setti fund.

Dagskrá:

1. Kosning formanns svæðisskipulagsnefndar - 2003003

Samkvæmt 2. gr. starfsreglna svæðisskipulagsnefndar kýs nefndin sér formann á fyrsta fundi svæðisskipulagsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum.

Guðný María Jóhannsdóttir bauð sig fram til formanns.

Samþykkt samhljóða að Guðný María Jóhannsdóttir taki við formennsku nefndarinnar. Guðný María tók við fundarstjórn.

Karólína Helga Símonardóttir kom á fund kl. 13:37.

2. Kosning varaformanns svæðisskipulagsnefndar - 2003003

Samkvæmt 2. gr. starfsreglna svæðisskipulagsnefndar kýs nefndin sér varaformann á fyrsta fundi svæðisskipulagsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum.

Guðný María Jóhannsdóttir lagði fram tillögu að Hjördís Ýr Johnson yrði varaformaður svæðisskipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

3. Kynning á fulltrúum svæðisskipulagsnefndar - 2003003

Fyrirliggjandi er listi yfir fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd 2026 - 2030.

Listi yfir aðalmenn og varamenn í svæðisskipulagsnefnd lagður fram til kynningar. Fundarmenn kynntu sig.

4. Starfsáætlun 2026-2027 - 2003003

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga að starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar frá ágúst 2026 til loka júní 2027.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Samþykkt samhljóða.

5. Kynning á SSH og svæðisskipulagi - 2003003

Kynning á starfsemi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), svæðisskipulagi og helstu verkefnum.

Svæðisskipulagsstjóri kynnti svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, starfsemi SSH og helstu verkefni sem varða svæðisskipulagið.

6. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2025-2040 - umsögn svæðisskipulagsstjóra - 2312001

Svæðisskipulagsnefnd barst umsagnarbeiðni úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 7. maí 2026 vegna endurskoðaðs aðalskipulags Hafnarfjarðar 2025-2040.

Málið hefur verið tekið fyrir á fundum nefndarinnar á fyrri stigum þess. Ráðgjafi Hafnarfjarðar kom og kynnti vinnslutillögu nýs aðalskipulags fyrir nefndinni á 141. fundi hennar þann 7. nóvember 2025. Þá samþykkti nefndin umsögn vegna vinnslutillögu skipulagsins á 142. fundi þann 28. nóvember 2025.

Á 112. fundi svæðisskipulagsnefndar þann 9. desember 2022 var eftirfarandi verklagsregla samþykkt: Í sumarhléum nefndarinnar getur svæðisskipulagsstjóri skilað inn umsögnum við skipulagsáætlanir sem eru þá merktar „umsögn svæðisskipulagsstjóra“. Þær skulu lagðar fram til kynningar á fyrsta fundi nefndarinnar eftir sumarhlé.

Fyrirliggjandi til kynningar er umsögn svæðisskipulagsstjóra vegna erindisins dags. 6. júlí 2026.

Umsögnin var lögð fram til kynningar. Svæðisskipulagsstjóri fór yfir helstu atriði umsagnarinnar.

7. Áform um breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010 - 2608004

Áformaðar eru breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010.

Fyrirliggjandi er áformaskjal félags- og húsnæðismálaráðuneytisins sem er til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda.

Svæðisskipulagsstjóra er falið að vinna umsögn í samræmi við umræður fundarins, vegna áforma félags- og húsnæðismálaráðuneytisins um breytingu á skipulagslögum og senda fundarmönnum til samþykktar í tölvupósti. Þá er svæðisskipulagsstjóra falið að senda samþykktu umsögn nefndarinnar í samráðsgátt stjórnvalda.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2026, miðvikudaginn 19. ágúst var haldinn 439. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Bláfjöllum og hófst kl. 08:38.

Mættir: Þorvaldur Daníelsson Reykjavík, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir Garðabæ, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði, Magnús Benediktsson Seltjarnarnesi og Valdimar Birgisson Mosfellsbæ.

Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram yfirlit yfir rekstrartengda fjárfestingu árið 2026.
2. Rætt um framkvæmdaáætlun 2026 og mögulegar breytingar á henni vegna ástands lyftna í Skálafelli.
Samþykkt að nýta fjármagn úr framkvæmdaáætlun 2026 og setja í drenlagnir í Bláfjöllum, allt að 15.0 mkr.
Samþykkt að nýta fjármagn úr framkvæmdaáætlun 2026 og setja í undirbúning snjóframleiðslu í Bláfjöllum, allt að 10.0 mkr.
3. Lögð fram uppbyggingaáætlun skíðasvæðanna 2026-2035.

Fulltrúi Seltjarnarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Í fyrirbyggjandi fundargögnum kemur fram að áætlaður kostnaður vegna uppbyggingar í Skálafelli sé í þó nokkrir milljarðar. Langflestir fulltrúar í þessari nefnd sitja hér fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins. Flokkurinn hefur í gegnum árin stælt sig af skýrri sýn í rekstri sveitarfélaga og ávallt talað gegn óþarfa útgjöldum hins opinbera. Fyrirhuguð uppbygging í Skálafelli samræmist ekki þeim áherslum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið fyrir og þá allra síst í ljósi þá aðstæðna sem eru í samfélaginu. Ekki nema þið séuð hrifin af keyniskri hagfræði. Þar að auki má ég til með að minna ykkur á skilgreiningu gæluverkefna, en það eru öll þau verkefni sem sveitarfélög framkvæma sem þeim ber ekki lagaleg skylda til. Gæluverkefni þurfa ekki öll að vera slæm, en hér erum við að tala á þó nokkra milljarða. Við rekum nú þegar í dag eitt stórt skíðasvæði, og sé ég enga ástæðu til þess að reka annað af sömu stærðargráðu. Rekstur sveitarfélaga er víða þungur. Framundan er kaldur vetur og spá menn algjöru frosti á markaðinum. Kjarasamningar gætu losnað, verðbólgan hækkar og óvissan með. Seðlabankinn hefur ítrekað biðlað til sveitarfélaga um að sýna aðhald í útgjöldum og forðast óþarfa þenslu. Það hlýtur því að vera full ástæða til þess að setja verkefni eins og Skálafell á algjöran ís. Í afliðinni kosningabaráttu var ein setning sem mér fannst allir listar Sjálfstæðisflokksins, og nær allir flokkar, nota. En hún er „Forgangsroðun í rekstri“, og önnur slagorð í þessa áttina. Ég hef svarið mínum kjósendum og íbúum á seltjarnarnesi þann eið að fara vel með skattfé og forgangsraða rétt. Að svo stöddu tel ég að stöðva þurfi frekari uppbyggingu á Skálafelli. Þar að auki þarf að endurmeta verkefnið algjörlega frá grunni áður en ráðist verði í frekari fjárfestingar.

Fulltrúi Mosfellsbæjar leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Mosfellsbæjar leggur áherslu á að staðið verði við uppbyggingu í Skálafelli sem ákveðin var árið 2018 þegar ákveðið var að fara í uppbyggingu á skíðasvæðum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi uppbygging er langt komin í Bláfjöllum en Skálafell er lokað.

Fulltrúi Mosfellsbæjar gerir kröfu um að staðið verði við þetta samkomulag og Skálafell verði opnað sem fyrst.

Samstarfsnefnd skíðsvæðanna leggur fram svohljóðandi tillögu:

Árið 2018 var gerður samstarfssamningur um uppbyggingu og rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Á þeim tíma sem liðinn er hefur talsverð uppbygging átt sér stað í Bláfjöllum en lokað er í Skálafelli.

Það liggur fyrir að uppbygging í Skálafelli kostar talsverða fjármuni en á þessum árum sem liðin eru frá undirritun samningsins hafa fjárhæðir í honum ekki verið endurskoðaðar eða verðbættar.

Samstarfsnefndin óskar eftir umræðum og ákvörðun frá stjórn SSH um það hvort tilefni sé til endurskoðunar á samkomulaginu, bæði framkvæmdaáætlun og fjárhæðum sem þar eru.

Samþykkt.

4. Lögð fram drög að lóðarleigusamningi milli Kópavogsbæjar og Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins um lóðina Bláfjallaleið 14 vegna Bláfjallaskála.
5. Fulltrúar nefndarinnar fóru í skoðunarferð um skíðasvæðið í Bláfjöllum.

Fundi slitið kl. 11:30

Þorvaldur Daníelsson

Andri Steinn Hilmarsson
Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir
Valdimar Birgisson

Kristín Thoroddsen
Magnús Benediktsson